

Ferðamálaþing 2017

Hefur ferðapjónustan gleypst Ísland?

Hugleiðingar um ferðapjónustu og samfélag

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir
Forstöðumaður RMF
gudrunthora@unak.is



simnet.is



RANNSÓKNAMÍÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM
RESEARCH CENTRE

Bræðslan, Borgarfirði eystri



Hótel Djúpvavík



Gamli vitinn á Akranesi



Húsavíkurhöfn





Hvað gerist þegar svæði (staður) er endurskilgreint og endurskapað í ljósi þarfa atvinnugreinar sem er jafn margslungin og ferðapjónusta?



ÓBYGÐIR

Íslands verða fegurri í augum yðar, ef
þér takið með yður vindla, cigarett-
ur og sælgæti úr

BRISTOL.

Auglýsing í Minnisbók ferðamanna eftir Sigurð Skúlason. Kom út 1931 og kostaði 1 krónu.



Ný sýn!

- Það er þínu sérstakt [...] að maður er að sjá aukningu á rútum. Þetta er kannski eitthvað nýtt fyrir manni af því að maður á heima hérna en maður er vanur að sjá þetta **á svona túristastöðum sko**. Og kannski er það af því að maður á heima hérna að manni finnst þetta ekki vera svo mikill túristastaður en þetta er kannski að verða það (S3).
- Þetta sem þau hafa gert á Síldarminjasafninu [...] að koma skemmtiferðaskipunum hingað inn. Það hefur gert dálítið mikið. Allavega fyrir augað sko en ég veit ekki hvað þetta fólk skilur eftir sig, þetta er auðvitað ekki langt stopp. **En bara sko fyrir augað, að sjá þau koma inn og fara** (S5).



Útlendingar í eigin landi

- „Við getum alveg gefið okkur að hinn vaxandi fjöldi erlendra gesta á eftir að breyta íslenskri menningu og hefur þegar gert það. Ekki er ólíklegt að við eigum eftir að verða leið á öllum þessum ferðalöngum sem vilja sitt og þola ekki sumt í fari okkar, það getur jafnvel hugsast að við eigum eftir að upplifa þá sem eins konar **innrásarher** sem gerir okkur að útlendingum í eigin landi, **jaðarfólki** sem talar skringilegt mál ef það verður þá ekki farið að tala bara ensku eins og leiðsögumennirnir gera svo gjarnan“.

Rúnar Helgi Vignisson. Útlendingar í eigin landi. *Hugrás* - vefrit hugvísindasviðs Háskóla Íslands 14. ágúst, 2012
<http://hugras.is/2012/08/utlendingar-i-eigin-landi/>




Reykjavík er ónýt!

- Það gerðist eitthvað fyrir borgina okkar. Krúttlegu bárujárnshúsin eru ekki lengur full af alls konar fólki, fjölskyldum, dópistum, námsmönnum. Þau eru bara full af ferðafólki. Hjartagarðurinn, Laugavegurinn, Tjörnin, Lækjargata. Það hefur einhver **filter** lagst yfir þessa staði og hann tók út það sem var þar áður. Einni reyksprengju var kastað og Reykjavík er ekki lengur Reykjavík heldur **Reh-cha-vick**.
- Reykjavíkin sem þessir útlendingar komu að heimsækja **er ekki til lengur**. Okkur mistókst að bjóða þessu fólki í heimsókn án þess að rústa því sem þau vildu sjá.

Bragi Páll Sigurðsson. (2017). Reykjavík er ónýt. Pistill í Stundinni 28.mars <http://stundin.is/pistill/reykjavik-er-onyt/>





Komdu með mér kútur

Komdu með mér kútur
að kíkja á uppistand:
Fimm hundruð fullar rútur
á ferð um Suðurland.
Þar var stærðar strútur
að stinga höfði í sand.

Þórarinn Eldjárn. (2004).
Óðhalaringla.



Ylrækt

- Ferðapjónusta, sé rétt á spöðunum haldið, snýst um að skapa frjósaman jarðveg sem uppúr spretta græðlingar og rætlingar á forsendum skapandi tengsla við ferðamenn. ... Hagsmunaaðilar í ferðapjónustu ættu að spyrja sig hvers kyns uppbygging eflir möguleika samfélaga á því að verða og virkja eigið hreyfiafl, það er hvernig hægt sé að hugsa ferðapjónustu sem ylrækt samfélaga – þannig að lífsaflið vaxi og þráin finni sér nýjar leiðir til sköpunar og eflingar. (Edward Huijbens, Gunnar Þór Jóhannesson og Björn Þorsteinsson (2014). Ritið, bls 226).



5. grein: Ferðapjónusta, ávinningur fyrir þau lönd og samfélög sem sótt eru heim

- 1.** Heimamenn skulu tengjast ferðapjónustu og fá **sanngjarna hlutdeild** í þeim fjárhagslega, félagslega og menningarlega ágóða sem hún skapar, sérstaklega hvað varðar beina og óbeina atvinnusköpun af hennar völdum.
- 2.** Mörkun stefnu í ferðapjónustu ætti að grundvallast á því að **auka lífsgæði** íbúa á þeim svæðum sem eru heimsótt og mæta þörfum þeirra. Skipulag, byggingarstíll og rekstur ferðamannastaða og gististaða ætti að miða að samþættingu við efnahagslífið og samfélagið á staðnum eins og mögulegt er, þar sem aðilar eru jafnhæfir ætti að veita heimamönnum forgang í störf.
- 3.** Sérstaklega ætti að beina sjónum að sérstökum vandamálum strandsvæða og eyja sem og viðkvæmum strjálbýlum svæðum og fjalllendi, þar sem ferðapjónusta veitir oft fágætt **tækifæri til þróunar** þar sem hefðbundinni atvinnustarfsemi hefur hnignað.
- 4.** Þeir sem starfa í ferðapjónustu, sérstaklega fjárfestar, sem lúta þeim lögum og reglum sem opinber yfirvöld setja, skulu gera rannsóknir á áhrifum þróunarverkefna sinna á umhverfið og náttúruna. Þeir skulu einnig **veita upplýsingar**, af sem mestu gagnsæi og hlutlægni, um framtíðarverkefni og fyrirsjáanleg áhrif þeirra og **stuðla að samtali** um það sem í þeim felst við þá íbúa sem þau hafa áhrif á.



Ferðapjónusta er mannanna verk sem hægt er að stjórna!



- Ekki bara tæknilegar lausnir til þess að bregðast við
- Pólitískar ákvarðanir eru nauðsynlegar
- Lærum af Barselóna



Barcelona is full. Don't come!
pic.twitter.com/kWL4xorZhv

Reply Retweet Favorite More





Takk fyrir áheyrnina!

